



Ársskýrsla sviðsstjóra fræðslusviðs 2021



Ársskýrsla sviðsstjóra fræðslusviðs 2021

Reykjanesbær, febrúar 2022

Inngangur

Í eftirfarandi ársskýrslu er stiklað á stóru yfir það helsta sem fram fór á fræðslusviðinu á árinu 2021 og hvernig í grófum dráttum gekk að fylgja eftir helstu áherslum og verkefnum sem skilgreind voru í starfsáætlun fræðsluskrifstofunnar fyrir árið 2021. Ársskýrslu sviðsstjóra er ekki ætlað að gera innra starfi einstakra stofnana á fræðslusviði skil en það var afar fjölbreytt og gróskumikið sem fyrr.

Heimsfaraldur vegna Covid-19 hafði líkt og árið áður mikil áhrif á líf og störf okkar allra á árinu 2021. Óhætt er að segja að allir sem koma að menntamálum hafi lagst á eitt og með góðri samstöðu og mikilli seiglu tekist ótrúlega vel upp í því hlutverki að verja innviði samfélagsins, veita börnum öryggi og menntun og halda þeim í eins mikilli rútínu og mögulegt er. Fóru þar stjórnendur og starfsfólk skólanna okkar fremst í flokki.

Eitt af stóru verkefnum okkar á árinu 2021 var útgáfa nýrrar menntastefnu fyrir Reykjanesbæ. Menntastefnan, sem hlaut heitið *Með opnum hug og gleði í hjarta*, á að að veita leiðsögn og innblástur öllum þeim sem koma að starfi með börnum og ungmönnum í sveitarfélaginu.

Það er ómögulegt að gera öllum þeim fjölbreyttu verkefnum sem unnin eru á fræðslusviðinu góð skil í skýrslu sem þessari en hér á eftir er rakin framvinda helstu áhersluverkefna sem fræðsluskrifstofan kom að með einum eða öðrum hætti á árinu 2021.

Efnisyfirlit

Efling mannauðs	5
Öflugir leiðtogar – 4 lykilhlutverk til árangurs.....	5
Öflugir sérfræðingar – Sterk liðsheild	5
Rafræn endurmenntun.....	5
Faglegt menntasamfélag	6
Menntun og velferð.....	6
Ný menntastefna	6
Nýsköpunar- og þróunarsjóður	7
Læsi – hjartans mál.....	7
Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna.....	7
Skólaþjónustan	9
Bættar aðstæður	9
Helstu áherslur í starfsáætlun 2022	10
Lokaorð.....	11

Efling mannaúðs

Öflugir leiðtogar – 4 lykilhlutverk til árangurs

Ein af þremur helstu áherslum starfsáætlunar fræðsluskrifstofu fyrir árið 2021 var efling mannaúðs. Sviðsstjóri fræðsluviðs tók þátt, ásamt öðrum lykilstjórnendum í framkvæmdastjórn sveitarfélagsins, í vinnustofunum 4 LYKILHLUTVERK TIL ÁRANGURS. Í vinnustofunum var unnið með viðfangsefnin; grundvallarhæfni öflugra leiðtoga, að skapa traust, að skapa sýn og móta markmið, að framkvæma stefnu og að leysa hæfileika úr læðingi.



Mynd 1. Frá vinnustofu um 4 lykilhlutverk til árangurs.

Öflugir sérfræðingar – Sterk liðsheild



Mynd 2. Frá vinnustofu um 7 venjur til árangurs.

Í framhaldi af vinnustofum framkvæmdastjórnar voru haldnar vinnustofur, byggðar á sama grunni, fyrir starfsfólk fræðsluskrifstofu og skrifstofu velferðarsviðs. Markmið þess námskeiðs var að rækta frumkvæði, sjálfstæði og ábyrgð í starfi og þannig auka starfsánægju og traust á vinnustað. Um var að ræða þrjár vinnustofur þar sem unnið var út frá 7 VENJUM TIL ÁRANGURS. Lögð hefur verið mikil

áherslu á að viðhalda lærdómi sem fenginn var með þátttöku í þessum starfsþróunarverkefnum með reglulegri og góðri eftirfylgd.

Rafræn endurmenntun

Boðið er upp á fræðslufundi að jafnaði tvisvar í mánuði yfir starfstíma skóla. Á árinu 2021 voru haldin fjölbreytt fræðsluerindi þar sem reynt var að koma sem best til móts við þarfir skólasamfélagsins. Í ljósi aðstæðna fóru fyrirlestrar og námskeið í flestum tilfellum fram í gegnum fjarlausnir.

Annað árið í röð héldum við haustráðstefnuna okkar rafrænt. Þar kenndi ýmissa grasa undir yfirheitinu *Hvað viljum við gera?* Viðfangsefnin voru í takt við áherslur nýrrar menntastefnu og hefur reynslan kennt okkur að þetta fyrirkomulag



Mynd 3. Fjölbreytt erindi voru á haustráðstefnu fræðsluviðs.

er jafnvel komið til að vera. Alla vega lýsir mikill meirihluti þátttakenda yfir ánægju sinni með fyrirkomulagið. Að þessu sinni voru fyrirlestrarnir opnir lengur en árið áður eða í tvær vikur.

Faglegt menntasamfélag

Við höfum lagt mikið upp úr því undanfarin ár að reyna að laða að okkur fagmenntuðu starfsfólki og liður í því hefur verið að birta vandaðar og eftirtektarverðar atvinnuauglýsingar í ljósvaka- og samfélagsmiðlum. Stuðningur við nám með starfi er einnig mikilvæg leið til að efla fagmennsku og fjölga fagmenntuðu starfsfólki og er hún að skila góðum árangri.



Mynd 4. Auglýsingar í ljósvakamiðlum hafa vakið mikla athygli.

Menntun og velferð

Ný menntastefna

Eitt af stóru verkefnum okkar á árinu 2021 var útgáfa nýrrar menntastefnu sem hlaut heitið *Með opnum hug og gleði í hjarta*. Fjölskipaður stýrihópur vann að undirbúningi stefnumótunarinnar undir styrki stjórn Halldóru G. Jónsdóttur. Margir voru kallaðir að vinnunni, leitað var til barna, ungmenna



Mynd 5. Stýrihópur menntastefnunnar að störfum.

og fullorðinna með það fyrir augum að draga fram helstu áherslur og forgangsmati. Beitt var ýmsum aðferðum í því efni eins og fyrirleögnum kannana og rýnisamtöl við minni og stærri hópa fólks á ólíkum aldri og með ólík hlutverk. Menntastefnan, sem nær til allra barna og ungmenna í Reykjanesbæ inniheldur

eitt meginmarkmið, þrjú leiðarljós og fimm stefnuáherslur sem Reykjanesbær vill að endurspeglit í öllu skóla-, íþrótt- og tómstundastarfi.



Nýsköpunar- og þróunarsjóður

Vorið 2021 var úthlutað í annað sinn úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði fræðslusviðs. Markmiðið með sjóðnum er að stuðla að nýsköpun, framþróun og öflugu innra starfi í leik- og grunnskólum í Reykjanesbæ.



Mynd 6. Frá úthlutun úr Nýsköpunar- og þróunarsjóði fræðslusviðs.

Alls bárust umsóknir um styrki til þrjátíu og fimm verkefna á síðasta ári upp á rúmar

þrjátíu og eina milljón króna. Úthlutunin náði til tuttugu og eins verkefnis og nam heildarfjárhæð styrkloforða 9.960.000 króna. Umsóknir í nýsköpunar- og þróunarsjóð fræðslusviðs sýna hversu frjótt og öflugt þróunarstarf fer fram í skólunum okkar.

Læsi – hjartans mál



Mynd 6. Læsisverkefnið Skólaslit sló svo sannarlega rækilega í gegn.

Eitt af áhersluverkefnum fræðslusviðs á árinu 2021 var læsisverkefnið Skólaslit. Meginmarkmið með verkefninu var að stuðla að auknum áhuga og bættum árangri í læsi meðal barna í grunnskólum Reykjanesbæjar. Með verkefninu var sjónum meðal annars beint að drengjum og því að auka áhuga þeirra á lestri.

Samhliða verkefninu SKÓLASLIT var einnig unnið að samstarfsverkefni Reykjanesbæjar og Menntamálastofnunar um matstækið Lesferil með það að markmiði að auka gæði læsiskennslu og bæta lestrarfærni grunnskólanema

Samþætting þjónustu í þágu farsældar barna

Á árinu 2021 var unnið að því að undirbúa þær breytingar sem frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna boðar og hefur það markmið að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana. Þetta verkefni var unnið í samstarfi við velferðarsvið. Ljóst er að sú vinna heldur áfram eftir að frumvarpið er nú orðið að lögum. Sveitarfélögum eru gefin þrjú til fimm ár til að innleiða samþættingarlögin. Ýmis önnur verkefni styðja við innleiðingu laganna og eru þau rakin í stuttu máli hér.

Verkefnið *Landshlutateymi* hefur það markmið að auka þekkingu og færni í þjónustu við fötluð börn í heimabyggð, bæta grunnþjónustu þjónustukerfa við fötluð börn og fjölskyldur þeirra í nærumhverfi með samþættingu, miðlægum stuðningi og eftirfylgd. Unnið hefur verið að verkefnum sem stuðla að samþættri þjónustu fyrir fötluð börn eða þar sem grunur er um fötlun og hefur verkefnið gengið mjög vel undir verkstjórn Helgu Andrésdóttur. Í lok árs 2021 var ákveðið að óska eftir framlengingu á verkefninu um fimm mánuði til að festa það betur í sessi og ná betri tengingu við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og fékkst samþykki fyrir því af hálfu ríkisins sem fjármagnar verkefnið.

Stöðugt hefur verið unnið að því að þróa og bæta verklag skólaþjónustunnar á undanförunum árum. Í tengslum við innleiðingu nýrrar *Gæðahandbókar* voru verkferlar endurskoðaðir og nýir búnir til. Skýrir verkferlar og verklýsingar eru mikilvægar þegar kemur að því að auka gæða þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra, ekki síst þegar kemur að því að auka gæðin í samstarfi milli sviða og stofnanna í þágu farsældar barna. Þá stuðla þeir jafnframt að auknu gegnsæi og samræmi í þjónustu við íbúa. Samhliða átaki í gerð verkferla var áfram unnið að því að útbúa rafræn eyðublöð sem gera okkur og þjónustuaðilum okkar kleift að senda skjöl með öruggum hætti á milli fólks og til rafrænnar undirritunar.


Verkefnið *Allir í skóla*, sem hefur það markmið að draga úr skólasóknarvanda hjá börnum, var eitt af áhersluverkefnum starfsáætlunar fræðsluskrifstofu fyrir árið 2021. Í ljósi aðstæðna var ákveðið að fleyta því verkefni áfram yfir á árið 2022 og er það því eitt af níu áhersluverkefnum starfsáætlunar fyrir árið 2022.

Unnið var að því að festa betur í sessi *Stöðumatid* sem gerir okkur kleift að byggja nám nemenda af erlendum uppruna á mati á fyrri þekkingu þeirra. Einnig var áfram unnið að því að mennta meðferðaraðila í PMTO (Parent Management Training Oregon). Enn fremur var haldið áfram þróun foreldranámskeiðanna okkar á árinu en heimsfaraldurinn setti eðlilega strik í reikninginn þar.

Nefna má fleiri verkefni sem unnið var að á árinu 2021 og stuðla að enn betri þjónustu við börn og fjölskyldur. Samþætting skóla og íþrótta- og tómstundastarfs fór af stað haustið 2021. Um er að ræða þróunarverkefni sem á eftir að slípa enn betur til og aðlaga. Verkefni á vegum Keflavíkur, íþrótta- og ungmennfélags og Ungmennafélags Njarðvíkur sem lýtur að því að bjóða upp á íþróttir fyrir börn með mismunandi stuðningsþarfir er til mikillar fyrirmyndar og verður vonandi þróað enn frekar. Fræðsluviðið tók virkan þátt á árinu 2021 í stórum samstarfsverkefnum eins og *Heilsueflandi samfélagi*, *Barnvænu sveitarfélagi* og *Allir með!*

Skólaþjónustan

Fjöldi tilvísana til skólaþjónustunnar voru alls 321 á skólaárinu 2020-2021 og hafði þeim fjölgað um 70 á milli skólaára. Ef horft er á almannaksárið þá var málafjöldinn 285 á árinu 2021. Flestar tilvísanir varða sem fyrr aðkomu sálfræðinga eða 124, 95 tilvísanir til talmeinafræðinga, 56 til kennsluráðgjafa og 10 tilvísanir bárust um aðkomu hegðunarráðgjafa. Það hefur verið jákvæð þróun undanfarin ár þar sem börnum á bið eftir athugun hefur fækkað, en bakslag varð í þeirri þróun á síðasta ári þar sem aftur lengdist í biðinni. Það skal þó undirstrikað að bið eftir athugun er ekki sama og bið eftir þjónustu. Því um leið og grunur vaknar um erfiðleika barns og tilvísun er send til skólaþjónustu skal um leið gerð áætlun um þjónustu sem sé byggð á þeim grun.



Mynd 7. Yfirlit yfir tilvísanir til skólaþjónustu eftir hvaða aðkomu óskað er eftir.

Bættar aðstæður

Nýtt og glæsilegt útisvæði í Sundmiðstöðinni var vígt í maí 2021 og hefur það vakið mikla lukku meðal bæjarbúa og gesta. Gestakomur í Sundmiðstöðina jukust um 45% milli árána 2020 og 2021 og má örugglega þakka það að stórum hluta bættari aðstöðu.



Mynd 8. Nýtt útisvæði Sundmiðstöðvar með rennibraut og setlaugum.

Nýr gervigrasvöllur var jafnframt vígður og tekinn í notkun á árinu 2021 og gjörbyltir hann allri aðstöðu til knattspyrnuíðkunar í sveitarfélaginu.

Nýtt Borðtennisfélag Reykjanesbæjar fékk aðstöðu í öðrum helmingi gömlu slökkvistöðvarinnar og í hinum helmingnum fékk Golfklúbbur Suðurnesja

nýja inniaðstöðu. Þá voru nokkrar endurbætur í Menningarmiðstöð unga fólksins, Fjörheimum og 88 Húsinu og var þar jafnframt útbúin aðstaða fyrir Rafíþróttadeild Keflavíkur.

Ýmis framkvæmdaverkefni voru í gangi á árinu 2021 tengd skólunum í Reykjanesbæ. Þær umfangsmestu tengdust Myllubakkaskóla og áframhaldandi uppbyggingu Stapaskóla. Önnur verkefni sem ber að nefna voru endurnýjun starfsmannaaðstöðu í Njarðvíkurskóla og jafnframt vel heppnaðar breytingar á starfsmannaaðstöðu í Akurskóla og Heiðarskóla. Góð aðstaða fyrir starfsfólk sem sinnir mikilvægum og krefjandi störfum skiptir miklu máli.



Mynd 9. Ýmis framkvæmdaverkefni, stór og smá, voru í skólunum.

Mikilvægt er að halda áfram uppbyggingu

skóla- og íþróttamannvirkja í takt við ört stækkandi bæjarfélag og fjölgun íbúa. Áherslur næsta árs munu verða á endurbætur Myllubakkaskóla, byggingu annars áfanga Stapaskóla sem er íþróttahús og sundlaug, undirbúning þriðja áfanga sem er húsnæði fyrir börn á leikskólaaldri, byggingu leikskóla í Hlíðarhverfi og undirbúning leikskóla í Dalshverfi III. Þá er brýnt að ljúka framkvæmdum við nýjan gervigrasvöll vestan Reykjanesvallar.

Helstu áherslur í starfsáætlun 2022

Fyrir starfsáætlun fræðsluviðs 2022 eru dregnar fram þrjár megin áherslur; menntun, velferð og mannauður. Þessar áherslur tengjast allar með einum eða öðrum hætti í þeim verkefnum sem unnið er að. Gæðamarkmiðin sem eru dregin fram og tengjast þessum áherslum miða að því að stuðla að innleiðingu menntastefnu Reykjanesbæjar, samþætta þjónusta í þágu farsældar barna, stuðla að auknum áhuga og árangri í læsi barna, draga úr skólasóknarvanda, efla færni kennara í kennslu nemenda með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn, innleiða foreldramiðað kvíðanámskeið, auka hæfni og þekkingu leiðbeinenda til þess að geta tekist á við krefjandi starf, tileinka okkur og festa í sessi aðferðir sem stuðla að aukinni persónulegri hæfni ásamt því að byggja upp öfluga liðsheild og viðhalda henni, styðja við og efla stjórnendur á fræðsluviði í störfum sínum og sem faglega leiðtoga.

Lokaorð

Í ársskýrslu þessari er gerð tilraun til að draga fram nokkur af helstu verkefnum fræðslusviðsins á árinu 2021. Það ber þó að ítreka að upptalningin er langt frá því að vera tæmandi yfir öll þau fjölbreyttu og mikilvægu verkefni, lítil sem stór, sem unnin eru á fræðslusviðinu.

Árið 2021 hélt áfram að færa okkur krefjandi verkefni. Það reyndi mikið á stjórnendur og starfsfólk að bregðast við óvæntum aðstæðum og er óhætt að segja að þau hafi staðist allar þær áskoranir sem mættu þeim með samstöðu, samhug og seiglu. Við getum öll verið afar stolt af því frábæra starfsfólki sem starfar á fræðslusviðinu og vil ég nota tækifærið og þakka því fyrir að sinna menntamálum sveitarfélagsins af þeirri miklu alúð og eldmóði sem raun ber vitni.

Ég vil sem fyrr þakka bæjarstjóra og framkvæmdastjórn fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf. Að endingu vil ég þakka bæjarfulltrúum og fulltrúum í fræðsluráði og íþrótt- og tómsundaráði fyrir góð og gjöful samskipti. Spennandi tímar og tækifæri eru framundan og hlakka ég til að starfa áfram með ykkur að áhugaverðum og mikilvægum verkefnum, samfélaginu okkar til heilla.

Helgi Arnarson sviðsstjóri fræðslusviðs.



REYKJANESBÆR

Í KRAFTI FJÖLBREYTILEIKANS